



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Breyting á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis.

Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis, sem samþykkt var í borgarráði 24. ágúst 2017:

- Að íbúðakjarni í þjónustuflokki II fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Árskógum 5-7 og kemur til framkvæmda árið 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.
- Að íbúðakjarni í þjónustuflokki III fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Hagaseli 23 og kemur til framkvæmda í árslok 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Breytingin kostar um 41 m.kr. á ársgrundvelli sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2021. Viðbótarkostnaður ræðst af því hvenær á árinu 2021 verður unnt að taka íbúðakjarnann að Árskógum í notkun.

Greinargerð:

Tafla 1 sýnir biðlista fatlaðs fólks eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í september 2020 sundarliðað eftir tegund fötlunar.

Tafla 1: Sýnir biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í júlí 2020 sundurliðað eftir tegund fötlunar

Þjónustustig	Geðfötlun	Þroskahömlun og skyldar raskanir
Húsnæði með stuðningi	6	30
Þjónustuflokkur I	3	14
Þjónustuflokkur II	3	30
Þjónustuflokkur III	12	28
Þjónustuflokkur IV	0	4
Liðsaukinn	1	6
Samtals *	25	112

*Samtals 137 einstaklingar í júní 2020, þar af 10 með lögheimili í öðrum sveitarfélögum.

Í töflunni má sjá að þörf eftir húsnæði er mun ríkari hjá einstaklingum með þroskahömlun og skyldar raskanir heldur en hjá geðfötluðum einstaklingum. Þetta skýrist m.a. af því að árið 2018 var tekin ákvörðun um að auka hjúkrunarrými í Mörkinni fyrir geðfatlaða einstaklinga um tíu talsins og þá fluttu nokkrir einstaklingar úr þjónustu velferðarsviðs í hjúkrunarrými og við það skapaðist svigrún til að bjóða öðrum einstaklingum búsetu. Þessu til viðbótar má nefna að það er meiri hreyfing og tíðari flutningar meðal einstaklinga í húsnæði fyrir geðfatlaða heldur en meðal fólks með þroskahömlun. Geðfatlaðir einstaklingar geta náð bata en þroskahömlunin er varanlegt ástand.

Í júní 2020 eru 30 einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir á bið eftir íbúðakjarna í þjónustuflokki II. Um þessar mundir dvelja 35 einstaklingar, 18 ára og eldri á skammtímadvölum fyrir fötluð börn og ungmenni og af þeim eru 17 á bið eftir íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir. Með því að gera breytingar á uppbyggingaráætlun og leggja áherslu á að leysa húsnæðisvanda fólks með þroskahömlun fyrr en ráð var gert fyrir væri hægt að bregðast við langvarandi húsnæðisvanda þessa hóps og um leið losa um flöskuháls í skammtímadvölum og þannig tryggja fleiri börnum aðgang að þjónustu þar. Biðlisti í júní 2020 eftir plássi í skammtímadvölum er 23 börn.

Áætlaður kostnaður vegna íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir er um 117 m.kr. á ári en íbúðakjarni fyrir geðfatlaða í sama flokki er áætlaður um 86 m.kr. Kostnaður vegna íbúðakjarna í þjónustuflokki III fyrir geðfatlaða einstaklinga er áætlaður um 108 m.kr. á ári. Skrifstofa fjármála og rekstrar áætla að breyting þessi myndi kosta um 41 m.kr. á ársgrundvelli sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2021. Viðbótarkostnaður ræðst af því hvenær unnt verður að taka íbúðakjarnann að Árskógum í notkun.

Samhliða þessari breytingu verði unnið að því að fjölga þeim sem búa sjálfstætt og fá þjónustu utan kjarna.

Fylgiskjal:
Minnisblað
Jafnréttisskimun